

Mánudaginn 12. desember 1938.

Nr. 89/1938. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)
gegn

Ólafi Kjartani Ólafssyni
(Eggert Claessen).

Ólögleg áfengissala.

Dómur hæstaréttar.

Að því leyti sem héraðsdómurinn varðar kærða Ólaf Kjartan Ólafsson ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að því leyti sem honum er áfrýjað, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Ólafur Kjartan Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Einars B. Guðmundssonar og Eggerts Claessen, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 30. júlí 1938.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ólafi Kjartani Ólafssyni, atvinnulausum, til heimilis á Hótel Heklu, hér í bæ, og Axel Ármanni Þorsteinssyni, refsifanga í Hegningarhúsinu hér, til lögheimilis á Skólavörðustíg 46, hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Kærður, Ólafur Kjartan Ólafsson, er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir svo kunnugt sé sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1927 $1\frac{3}{2}$ Kærður fyrir hlutdeild í innbrotsþjófnaði. Málið afgreitt til dómara.
- 1933 $1\frac{8}{11}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 500 króna sekt fyrir bruggun og sölu áfengis.
- 1934 $2\frac{8}{2}$ Dómur hæstaréttar: 400 króna sekt fyrir brot gegn 42. gr. áfengislaganna.
- 1934 $1\frac{4}{3}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: Fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði, skilorðsbundið, fyrir innbrotsþjófnað og in solidum 150 króna skaðabætur.
- 1934 $2\frac{4}{9}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 300 króna sekt fyrir brot gegn áfengislögunum og ósvífni við lögregluna. Staðfest í hæstarétti $2\frac{1}{2}$ 1935.
- 1934 $2\frac{2}{10}$ Dómur hæstaréttar: Fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga og 800 króna sekt fyrir brot gegn 6. gr. sbr. 30. gr. laga nr. 64 1930.
- 1934 $\frac{5}{12}$ Sætt 100 króna sekt fyrir slagsmál.
- 1935 $1\frac{4}{6}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað og ólöglega vinnautn í veitingahúsi.
- 1935 $\frac{8}{7}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 8 mánaða betrunarhússvinna fyrir þjófnað.
- 1936 $\frac{6}{10}$ Sætt 10 króna sekt fyrir hjólreiðar í Bankastræti.
- 1936 $3\frac{0}{12}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 51 1928, sbr. 231. gr., 4. mgr., hegningarlaganna og 17. gr. sbr. 37. gr., 1. mgr., áfengislaganna.
- 1937 $1\frac{4}{9}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 1000 króna sekt og 30 daga fangelsi við venjulegt fangavið-

- urværi fyrir ólöglega áfengissölu. Staðfest i hæstarétti $1\frac{1}{2}$ 1938.
- 1937 $2\frac{3}{4}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 300 króna sekt og sviptur ökuleyfi æfilangt fyrir ölvun við bifreiðarakstur. Staðfest i hæstarétti $1\frac{1}{2}$ 1938.
- 1938 $1\frac{3}{4}$ Sætt 30 króna sekt fyrir brot á 3. gr. reglug. 105/1926 um skotvopn o. fl.

Kærður Axel Ármann Þorsteinsson er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir svo kunnugt sé sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

- 1924 $\frac{8}{12}$ Kærður fyrir þjófnað. Málið afgreitt til dómara.
- 1925 $\frac{9}{2}$ Sætti 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1930 $\frac{7}{4}$ Sætt 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1933 $2\frac{3}{4}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 800 króna sekt fyrir bruggun og sölu áfengis.
- 1935 $\frac{3}{6}$ Sætt 400 króna sekt fyrir ólöglega áfengissölu.
- 1935 $1\frac{1}{4}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 500 króna sekt og 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir ólöglega áfengissölu.
- 1935 $\frac{9}{12}$ Sætt 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1936 $\frac{3}{6}$ Kærður fyrir ölvun i heimahúsum. Ekki talin ástæða til opinberra aðgerða.
- 1936 $1\frac{1}{10}$ Sætt 40 króna sekt fyrir ólöglega áfengissölu.
- 1937 $\frac{2}{6}$ Sætt 50 króna sekt fyrir ölvun og ryskingar.
- 1937 $1\frac{1}{4}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1500 króna sekt fyrir ólöglega áfengissölu. Staðfest i hæstarétti $1\frac{1}{2}$ 1937.
- 1938 $\frac{1}{2}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2200 króna sekt fyrir ólöglega áfengissölu. Staðfest i hæstarétti $2\frac{3}{4}$ 1938.
- 1938 $2\frac{3}{4}$ Kærður fyrir ölvun i heimahúsum. Látið falla niður.
- 1938 $3\frac{3}{4}$ Kærður fyrir ölvun i heimahúsum. Látið niður falla.

Með eigin játningu kærðs Ólafs Kjartans er sannað, að hann hefir síðan snemma i fyrra mánuði selt áfengi á Skólavörðustíg 46 hér i bæ. Hefir hann nánar skýrt svo frá, að þegar kærður Axel Ármann, sem hafði á leigu íbúð á

Skólavörðustíg 46, fór á vinnuhælið á Litla-Hrauni, snemma í fyrra mánuði, hafi hann beðið sig að búa í íbúðinni og selja þar áfengi, svo fólk yrði ekki orðið afvant staðnum, þegar hann kæmi aftur af vinnuhælinu. Átti Ólafur Kjartan að skila húsnæðinu skuldlausu þegar Axel Ármann kæmi aftur til bæjarins. Axel Ármann fékk Ólafi Kjartani kr. 97.50, þegar hann fór á vinnuhælið, og átti það að ganga upp í húsaleigu, en kærður Ólafur Kjartan notaði það ásamt kr. 60.00 frá sér til rekstrar áfengissölu. Seldi hann nú stöðugt áfengi í íbúðinni, og kveður hann söluna hafa numið 10—15 flöskum hvern virkan dag, en 50—60 flöskum frá laugardagshádegi til mánudagsmorguns, og hafi hann þó oft orðið að neita um sölu sökum þess að sig hafi skort vin. Álagning 3—4 krónur á flösku. Ekki gerir hann sér ljóst, hverju salan hafi numið alls yfir tímabilið, en hagnaðurinn hefir numið því, að hann hefir greitt kr. 450.00 í húsaleigu fyrir Axel Ármann, framlengt einu sinni eða tvisvar $2\frac{3}{4}$ happdrættismiðum fyrir sama og greitt 5 kr. reikning fyrir sama, auk þess sem hann hefir sjálfur haft næga peninga til eigin afnota, bæði sér til upphalds og til eyðslu.

Framanskráð er eftir framburði Ólafs Kjartans, en kærður Axel Ármann hefir borið, að frásögnin, hvað sig snerti, væri að öllu leyti rétt.

Með framanskráðum verknaði hefir kærður Ólafur Kjartan Ólafsson gerzt brotlegur gegn 15. gr. áfengislaganna nr. 33 9. janúar 1935, og þykir refsing hans samkvæmt 33. gr., 1. og 2. mgr., sömu laga hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 45 daga og 2000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 65 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærður Axel Ármann Þorsteinsson hefir að áliti réttarins gerzt brotlegur gegn 16. gr. 1. mgr. áfengislaganna, og þykir refsing hans samkvæmt 36. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærðir greiði in solidum allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærður Ólafur Kjartan Ólafsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 45 daga og greiði 2000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 65 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærður Axel Ármann Þorsteinsson greiði 500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærðir greiði in solidum allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. desember 1938.

Nr. 20/1938. **Tryggvi Einarsson**

(Garðar Þorsteinsson)

gegn

Paul Smith f. h. Bergenska gufuskipafélagsins og gagnsök,

(Theodór B. Lindal)

Lárusi Jóhannessyni f. h. Oslo Pelsdyropdrett A/S, Oslo, og gagnsök og

Gunnari Sigurðssyni og gagnsök

(Lárus Jóhannesson).

Synjað um framkvæmd innsetningargerðar.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 17. febrúar þ. á. og krafizt þess, að úrskurður fúgetaréttarins verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fúgetann að framkvæma hina umbeðnu innsetningargerð. Svo krefst hann og, að aðal-